

Mættir voru Ólafur, Ingibergur, Atli, Hugrún og Helgi.

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð 808 lesin upp og samþykkt
2. **Unglingalandsmót UMFÍ:** Þar var glímt í mjög góðu veðri þar sem 35 þátttakendur tóku þátt. Mótið gekk vel, glímt á tveimur völlum í einu og umgjörð var ágæt í marga staði en má þó alltaf endurskoða hana.
3. **Mót erlendis:** Pétur og Ólafur fóru til Sardiníu seinni part sumars. Ólafur vann þungavigtarflokkinn og Pétur hafnaði í 3. Sæti í -90kg flokki. Ólafur sigraði einnig á móti sem haldið var í Skotlandi og keppti í Grasmir(?) þar sem honum gekk mjög vel. Pétri gekk vel á öðru móti þar sem Ólafur starfaði sem dómari...
4. **Mótaskrá fyrir tímabilið 2012-2013:** Mótaskrá var samþykkt á síðasta fundi en tvær breytingar hafa verið gerðar. Íslandsglíman var færð um viku, frá 16. mars til 23. mars og Meistaramót 2. umferð sem fara átti fram á Laugum, Sælingsdal, var færð í Dalabúð, Búðardal.
5. **Skólakynningar:** Ólafur kynnti glímu fyrir íþróttakennaranemum í HR nú á dögnum og gekk sú kynning mjög vel. Ólafur hefur haft samband við Reyðfirðinga um að þeir standi að glímukynningum á sínu heimasvæði sem sennilega verður af. Óljóst er hvað verður með kynningar á Vestfjörðum en ekki hefur verið haft samband við Þingeyinga enn sem komið er þar sem veðurofsinn sem varð á Norðurlandi í síðustu viku hefur sett daglegt líf úr skorðum.
6. **Fundur með William Baxter forseta FILC:** Ólafur ræddi við Baxter á meðan dvöl hans stóð í Skotlandi. Baxter sagði Ólafi frá starfsemi FILC sem er samband skoskra fangbragða (?). Hann hefur mikinn áhuga á að senda keppendur á Íslandsmeistarmótið í backhold og bað Ólaf um að senda sér allar upplýsingar um mótið þegar að þar að kæmi. Hugmyndin er sú að halda backholdmótið á svipuðum tíma og eitthvert glímumótanna, t.d. bikarglímuna. Í tengingu við mótahaldið væri hægt að halda fund með erlendu gestunum og ganga frá lausum endum fyrir EM í glímu. Að virkja fólk til að starfa að EM var nokkuð rétt og með hvaða hætti mætti gera fólk meðvitað um mótið.
7. **Fjáröflun á EM í glímu:** Helgi Bjarnason gerðist góður styrktaraðili á dögnum og komst í bronsflokk styrktaraðila(?). Ólafur hefur rætt við Ícelandair sem vildi ekki styrkja mótið. Fyrirhugaður er fundur með borgarstjóra Reykjavíkur og athugað hvort hann vilji styrkja mótið með því að kosta glímubelti sem þátttakendur gætu tekið með sér sem minjagrip af mótinu. Sú hugmynd kom upp frá Jóni Þór um að blað yrði gefið út fyrir mótið sem væri góð kynning fyrir glímuna og mótið. Góðar auglýsingatekjur gætu fengist af því og mætti koma út nokkuð fyrir mótið, t.d. í febrúar svo að mótið gæti hlotið góða kynningu. Búið er að tala við Ólaf Helga sem ætlar að sjá um að elda ofan í mótsgesti og þátttakendur. Hann ætlar einnig að sjá um að tala við birgja um styrki í formi hráefnis.
8. **Önnur mál:** Pétur og Ólafur fengu hafa rætt sín á milli að koma á fót gagnagrunni fyrir glímuna. Gagnagrunnur fyrir glímumót gæti sparað heilmikla vinnu og haldið utan um allar skráningar og árangra í mótum. Gagnagrunnurinn myndi byggjast upp yfir tímamann, styrkleikalisti, evrópumeistaramótin gætu einnig verið inn í þessu, upplýsingar aftur í tímamann, o.s.frv. Má jafnvel sækja um styrk í verkefnasjóð ÍSÍ vegna þessa verkefnis.

Ólafur fór og heimsótti fyrirtækið Henson vegna búningamála fyrir EM. Þeir ræddu um hönnun búninga og að útvega Henson mynd af glímumönnum í búningum eftir mótið fyrir þeirra gagnasafn.

9. Næsti fundur ákveðinn og fundi slitið